

lega ákveðin kr. 18000.00 auk vaxta, er reiknast 5% p. a. og teljast frá stefnudegi.

Samkvæmt þessum málalokum verður stefndum og gert að greiða stefnendum málskostnað, enda er gegn mótmælum stefnanda ósannað, að um nokkurt löglegt greiðslutilboð hafi verið að ræða af hálfu stefndra, áður en til máls þessa var stofnað. Þykir málskostnaðurinn, þar með talinn matskostnaður, hæfilega ákveðinn kr. 2300.00.

Árni Tryggvason borgardómari og meðdómendurnir Hafsteinn Bergþórsson útgerðarmaður og Þorgrímur Sigurðsson skipstjóri hafa kveðið upp dóm þenna.

Því dæmist rétt vera:

Stefndir, eigendur v/s Thurid T.N. 321, greiði stefnendum, eigendum b/v Volesus G.Y. 851, kr. 18000.00 ásamt 5% ársvöxtum frá 19. júlí 1944 til greiðsludags og kr. 2300.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 15. júní 1945.

Nr. 60/1945. **Magnús Guðmundsson** (Ólafur Þorgrímsson)

gegn

Guðjóni Samúelssyni (Sveinbjörn Jónsson).

Setudómarar próf. Ólafur Lárusson
og hrl. Einar B. Guðmundsson
í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar og
hrd. Árna Tryggvasonar.

Um rétt til einkaleyfis fyrir uppgötvun.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 25. apríl 1945, krefst þess, að hann verði sýknaður og stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og að sér verði dæmdur málskostnaður úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Samkvæmt því, sem upp hefur komið í máli þessu, verður að telja, að stefndi hafi gert uppgötvun þá, sem í málinu greinir. Svo verður og að telja vist, að uppgötvun þessi hafi í öndverðu verið hæf til að hljóta vernd samkvæmt lögum um einkaleyfi. Stefndi gerði uppgötvunina 1933. Lét hann það vor og sumar múrhúða Þjóðleikhúsið og Fiskifélagshúsið í Reykjavík með aðferð sinni. Múrhúðun þessi fór fram opinberlega, og múrurum þeim, sem unnu að múrhúðun húsa þessara, var ekki lögð á herðar nein leyndarskylda um aðferðina við framkvæmd verksins. Síðar á árinu 1933 voru tvö önnur hús í Reykjavík múrhúðuð með sama hætti. Stefndi átti ekki hlut að því verki, en að því unnu múrarar þeir, sem unnið höfðu að múrhúðun Þjóðleikhússins og Fiskifélagshússins, auk fleiri manna. Sumarið 1934 voru enn fjögur hús múrhúðuð með aðferð stefnda. Var Rannsóknarstofa Háskólans eitt þeirra húsa. Var engrar leyndar gætt um vinnuaðferð múrhúðunar við hús þessi. Samkvæmt þessu hafði uppgötvun stefnda, þegar hann 16. nóv. 1934 sótti um einkaleyfi á henni, verið almenningi til sýnis með þeim hætti, að þeir menn, er vit höfðu á, gátu hagnýtt sér hana. Voru því skilyrði 1. gr., 4. tl., laga nr. 12/1923 til að veita einkaleyfi á aðferðinni ekki fyrir hendi. Þann 16. maí 1936 synjaði ráðherra stefnda um einkaleyfi að svo stöddu. Stefndi hófst eftir þetta ekki handa til að endurnýja einkaleyfiskröfu sína fyrr en í bréfi til ráðherra hinn 15. september 1939, enda þótt uppgötvun hans væri öll þessi ár hagnýtt við múrhúðun húsa hér á landi. Verður þetta aðgerðarleysi stefnda ekki samrýmt kröfu hans um einkaleyfisrétt hér á landi á uppgötvuninni.

Verður af ástæðum þeim, sem raktar voru, að sýkna áfrýjanda af kröfu stefnda í málinu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, Magnús Guðmundsson, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Guðjóns Samúelssonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 26. marz 1945.

Mál þetta, sem dómtekið var 19. þ. m., hefur Guðjón prófessor Samúelsson, húsameistari ríkisins, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 17. nóv. 1942 gegn Magnúsi Guðmundssyni skipasmið, Bárugötu 15 hér í bænum, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 400.00 ásamt 6% ársvöxtum frá sáttakæru-degi, 17. sept. 1942, til greiðsludags og málskostnaðar samkvæmt mati dómarans.

Stefndur krefst sýknu og málskostnaðar sér til handa.

Með sakaukastefnu, útgefinni 16. marz 1943, krafðist stefnandi þess til vara, að Jón Eiríksson múrarameistari, Urðarstíg 15 hér í bæ, yrði dæmdur til að greiða framangreinda fjárhæð með vöxtum og málskostnaði, eins og fyrr segir. Varastefndur krafðist aðallega sýknu, en til vara frávisunar, svo og málskostnaðar sér til handa. Síðan hefur stefnandi fallið frá kröfum sínum á hendur varastefndum, og koma þær því ekki til álita hér né heldur kröfur varastefnds, sem ekki hefur sótt þing eftir þá endurupptöku málsins, sem síðar greinir.

Mál þetta var upphaflega flutt munnlega á bæjarþingi Reykjavíkur þann 30. júní 1943, og hinn 29. júlí s. á. kvað settur lögmaður, Kristján Kristjánsson, upp dóm í málinu, þar sem aðalstefndur var dæmdur til að greiða aðalstefnanda hina umstefndu fjárhæð ásamt vöxtum, eins og krafizt var, svo og kr. 152.35 í málskostnað. Varastefndur var hins vegar sýknaður af kröfum aðalstefnanda, sem var dæmdur til að greiða varastefndum kr. 100.00 í málskostnað.

Málinu var síðan skotið til hæstaréttar, en með dómi hans, uppkveðnum 12. maí 1944, var héraðsdómurinn ómerktur og málinu visað heim til munnlegs málflutnings og dómsálagningar af nýju, þar sem héraðsdómaranum hefði láðst að dæma um tiltekna varnarástæðu. Árni Tryggvason borgardómari hefur síðan látið fram fara munnlegan málflutning af nýju og kveðið upp dóm þenna, eftir að hafa beint því til aðilja, að frekari gagna væri þörf í málinu, og liggja þau gögn nú fyrir.

Málsatvik eru þessi:

Í bréfi til atvinnumálaráðuneytisins, dags. 16. nóv. 1934, sótti stefnandi um, að honum yrði veitt einkaleyfi á aðferð til utanhúðunar á húsum og öðrum mannvirkjum úr steinsteypu, er hann tjáði sig hafa fundið upp, og tók það jafnframt fram, að hann hefði sótt um einkaleyfi erlendis. Bréfi þessu fylgdi lýsing á aðferðinni svo og einkaleyfiskrafan. Í bréfi ráðuneytisins, dags. 16. maí 1935, var honum tjáð, að leitað hefði verið umsagnar

„Direktoratet for Patent- og Varemærkevæsenet m. v.,“ um beiðnina og jafnframt tekið fram, að ráðuneytið sjái „ekki að svo stöddu ástæðu til að veita hið umbeðna einkaleyfi“.

Með bréfi, dags. 15. sept. 1939, endursótti stefnandi um einkaleyfið frá 16. nóv. 1934. Hinn 27. jan. 1940 sendi ráðuneytið stefnanda til umsagnar bréf Múrarameistarafélags Reykjavíkur, þar sem höfð voru uppi mótmæli gegn því, að stefnanda yrði veitt einkaleyfið. Stefnandi svaraði síðan ráðuneytinu í bréfi, dags. 27. maí 1940. Ráðuneytið sendi stefnanda enn þann 7. des. s. á. bréf Múrarameistarafélagsins frá 3. s. m., þar sem félagið endurtók mótmæli sín gegn leyfisveitingunni. Því bréfi svaraði stefnandi síðan þann 28. des. 1940, en ekki verður séð, að síðan hafi frekara gerzt í málinu fyrr en stefnanda var veitt einkaleyfið með bréfi dags. 18. febrúar 1941 (einkaleyfi nr. 133). Er tekið fram í leyfisbréfi ráðuneytisins, að uppgötvunin sé vernduð frá 16. nóv. 1934, þegar stefnandi sótti fyrst um einkaleyfið.

Stefnandi hefur síðan heimilað, að aðferð sú, sem einkaleyfið fjallar um, væri notuð gegn greiðslu gjalds, 1 kr. fyrir hvern fermetur veggflatar, sem múrhúðaður hefur verið. Á árunum 1941—42 byggði stefndur í máli þessu hús á lóðinni nr. 15 við Bárugötu hér í bæ, og telur stefnandi, að það hús hafi verið múrhúðað að utan samkvæmt fyrrgreindri einkaleyfisaðferð hans. Er það óvæfengt, að utanhússveggir þar séu 400 m², og krefur stefnandi því stefndan um kr. 400.00 í þessu sambandi. Stefndur hefur eigi viljað greiða kröfu þessa, og hefur stefnandi því höfðað mál þetta og gert í því framangreindar dómkröfur.

Í greinargerð sinni byggði stefndur sýknukröfu sína m. a. á því, að krafa stefnanda ætti ekki að beinast gegn sér heldur múrarameistara þeim (varastefndum Jóni Eiríkssyni), sem annazt hafði múrhúðun á umræddu húsi. Eftir því, sem ráða mátti af hinum munnlega málflutningi, byggir stefndur ekki lengur varnir á þessari ástæðu, og kemur hún því ekki til álita hér.

Eins og málið liggur nú fyrir, byggir stefndur sýknukröfu sína í *fyrsta lagi* á því, að utanhúðun á húsi hans hafi ekki verið framkvæmd samkvæmt aðferð þeirri, er um getur í einkaleyfi stefnanda, og þegar af þeirri ástæðu eigi hann enga kröfu á hendur sér.

Af skoðunargerð tveggja dómkvaddra manna svo og framburði múrarameistarans Jóns Eiríkssonar þykir þó sýnt, að utanhúðun á húsi stefnds fullnægir þeim skilyrðum um gerð og vinnuáðferð, sem tiltekin eru í einkaleyfiskröfu stefnanda og einkaleyfið fjallar um. Er því ekki unnt að taka sýknukröfu stefnds til greina á þessum grundvelli.

Í *öðru lagi* byggir stefndur sýknukröfu sína á því, að stefnandi hafi ekki átt rétt til að fá hið umrædda einkaleyfi samkvæmt ákvæðum 3. gr. laga um einkaleyfi nr. 12, frá 20. júní 1923, þar sem hann

geti ekki talizt uppgötvari að múrhúðun þeirri, sem hann fékk einkaleyfi á. Það hafi verið þrjú múrarar í Þjónustu Korneliúsar Sigmundssonar múrarameistarara, sem hafi þreifast sig áfram með að finna aðferð til utanhúðunar á Þjóðleikhúsinu árið 1933, þar sem notaðar væru islenzkar steintegundir í múrhúð. Hafi þeim tekizt að finna nothæfa aðferð í þessu skyni, án þess að stefnandi léti þeim í té nokkrar leiðbeiningar, og sé þetta múrhúðunaraðferð sú, sem hann hafi síðar fengið einkaleyfi á.

Af gögnum þeim, er fyrir liggja í málinu, þar á meðal fram-
burði múrarameistarans Korneliúsar Sigmundssonar, þykir ljóst, að umræddar tilraunir við Þjóðleikhúsið hafi verið framkvæmdar eftir ákvörðun stefnanda og eftir hans fyrirsögn, þótt verkið hafi síðan verið unnið af nefndum múrurum undir stjórn múrarameistarans. Verður stefnandi því að teljast sá upphafsmaður aðferðar þessarar, að ekki hafi verið heimilt, með skírskotun til 3. gr. laga nr. 12 1923, að neita honum um einkaleyfið. Þessi varnar-
ástæða stefnds verður því heldur ekki tekin til greina.

Í þriðja lagi byggir stefndur sýknukröfu sína á því, að óheimilt hafi verið að veita stefnanda umrætt einkaleyfi, þar sem hann hafi gert uppgötvunina sem starfsmaður ríkisins og á kostnað þess. Að sumum norrænum lögum sé talið óheimilt að veita einkaleyfi, þegar þannig sé ástatt, og hljóti sama að gilda hér samkvæmt hlutarins eðli, enda þótt engin bein lagafyrirmæli séu til í þá átt.

Af hálfu stefnanda hefur því verið mótmælt, að tilraunir við framangreinda múrhúðun hafi verið kostaðar af ríkinu, og er það ósannað gegn þeim mótmælum. Og þar sem ekki verður séð, að óheimilt sé samkvæmt islenzkum lögum að veita manni einkaleyfi, þótt svo sé ástatt um afstöðu hans gagnvart ríkinu sem um stefnanda máls þessa, þá þykir heldur ekki unnt að taka þessa sýknu-
ástæðu til greina.

Í fjórða lagi heldur stefndur því fram og byggir sýknukröfu sína á því, að óheimilt hafi verið að veita stefnanda einkaleyfið vegna ákvæða 4. tölulíðs 2. málgr. 1. gr. laga nr. 12 1923, og það hvort sem miðað sé við 16. nóv. 1934, er stefnandi sótti fyrst um einkaleyfið, eða 15. sept. 1939, þegar hann „endursótti“ um leyfið, en stefndur telur reyndar, að miða beri við síðari dagsetninguna að þessu leyti. Litur stefndur svo á, að í bréfi atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins frá 16. maí 1935 felist endanleg synjun á beiðni stefnanda um einkaleyfið frá 16. nóv. 1934. Beiðni stefnanda í bréfi 15. sept. 1939 verði því að teljast ný umsókn um einkaleyfi, enda hafi hinn tiltekni frestur samkvæmt 16. gr. laga nr. 12 1923 þá verið löngu liðinn, auk þess sem glöggst sjáist við samanburð á umsóknum stefnanda frá 16. nóv. 1934 og 15. sept. 1939, að átt sé við allt aðra aðferð til utanhúðunar í seinni umsókninni en þeirri fyrri.

Þá varnarástæðu, að ekki hafi verið heimilt að miða vernd einkaleyfisins við 16. nóv. 1934 vegna greinds ósamræmis, hefur stefndur ekki haft uppi fyrr en nú við munnlegan flutning málsins. Hefur stefnandi fyrst og fremst mótmælt þessari málsástæðu sem of seint fram kominni, auk þess sem hann telur, að hún hafi ekki við nein rök að styðjast. Verður að telja, að fullt tilefni hafi verið til að hreyfa þessari málsástæðu fyrr, og ber því að fallast á nefnd mótmæli stefnanda, auk þess sem ekki verður séð, að um slíkt ósamræmi sé að ræða milli þeirra lýsinga og einkaleyfiskrafna, er fylgdu bréfum stefnanda frá 16. nóv. 1934 og 15. sept. 1939, að umsókn sú, er fólst í síðara bréfinu, geti talizt beiðni um annað einkaleyfi en áður var sótt um.

Orðalagið á bréfi ráðuneytisins frá 16. maí 1935 þykir ekki verða skilið þannig, að um endanlega sýjun á umsókninni frá 16. nóv. 1934 hafi verið að ræða, heldur verður að telja, að ráðuneytið hafi frestað að taka ákvörðun í því efni. Þar af leiðir, að það getur ekki haft þýðingu í þessu sambandi, þótt liðið hafi lengri tími en 16. gr. einkaleyfislaganna tilskilur, þar til stefnandi itrekaði umsókn sína með bréfinu frá 15. sept. 1939. Verður því að telja, að heimilt hafi verið að miða vernd einkaleyfisins við dagsetningu hinnar upphaflegu beiðni um einkaleyfið (sbr. 6. gr. einkaleyfislaganna), eins og gert var í leyfisbréfinu frá 18. febrúar 1941, og ber því að miða við þann dag (16. nóv. 1934), þegar athuga skal, hvort fullnægt hafi verið skilyrðum 4. töluliðs 2. málsg. 1. gr. einkaleyfislaganna til veitingar einkaleyfisins.

Nefnt lagaákvæði hljóðar um það, að engum megi veita einkaleyfi fyrir „uppgötvunum, sem lýst hefur verið í riti, er almenningur hefur átt kost á að kynna sér, eða þær hafa verið hafðar opinberlega um hönd hér á landi, sýndar á sýningu eða á annan hátt hafðar til sýnis almenningi, og eru þær uppgötvanir svo kunnar orðnar með þessum hætti, að þeir menn, sem vit hafa á, geta fært sér þær í nyt.“

Af hálfu stefnda hefur því verið haldið fram, að Guðmundur Einarsson frá Miðdal hafi ritað um utanhúðunaraðferð eins og þá, er stefnandi hefur fengið einkaleyfi á, í Eimreiðinni og Nýju Dagblaði á árunum 1926—28. Einnig hafi Kornelius Sigmundsson mürarameistari ritað um aðferð þessa í Timarit iðnaðarmanna árið 1939. Birting á grein Kornelíusar skiptir ekki máli í þessu sambandi þegar af þeirri ástæðu, að hún kom út löngu eftir að einkaleyfisbeiðni stefnanda var borin upp. Greinar Guðmundar Einarssonar virðast hins vegar hafa verið þannig, að ekki geti talizt, að um lýsingu á utanhúðunar-aðferð stefnanda hafi verið að ræða. Verður því ekki fallizt á, að umræddri uppgötvun hafi verið lýst í opinberu riti fyrir 16. nóv. 1934.

Kemur þá til álita, hvort óheimilt hafi verið að veita stefnanda

umrætt einkaleyfi vegna annarra ákvæða hinnar tilvitnuðu laga-greinar.

Einkaleyfiskröfur þær, sem viðfestar eru leyfisbréfið frá 18. febrúar 1941, eru svo hljóðandi:

„1. Aðferð til meðhöndlunar á útveggjum húsa og annarra mann-virkja, sérstaklega úr steinsteypu, sem fólgin er í því, að steinlíms-lag, sem hentugast er að sé úr sementsblöndu, er sett smásteinum, sem sjást með eðlilegum lit sinum í húðinni, og er *auðkenni* að-ferðarinnar, að á flöt þann, sem vinna skal að, er lagt þunnt steinlímslag, t. d. 2—5 mm á þykkt, og sé það lagt á afmarkað svæði í einu, en síðan er með þunnri, sveigjanlegri múrskleið, handfjól eða svipuðu áhaldi, borið í steinlímslagið, meðan það enn er mjúkt, lag af smásteinum eða muldum steinefnum, sem að stærð og um-máli eru nokkuð stærri en húðunarlagið er þykkt, og er steinunum komið fyrir á múrskleið eða svipuðu áhaldi, sem haldið er láréttu, en síðan með snöggu taki borið að steinlímslaginu til þess að þrýsta steinunum í það.

2. Aðferð, eins og henni er lýst í 1. kröfu, og er *auðkenni* hennar, að steinlímslag það, sem lagt er á takmarkað svæði, sé með-fram takmarkalínu svæðisins afskorið eða afgirt með skurði, sem fellur lóðrétt á flöt þann, er undir liggur.“

Af hálfu stefnds er því fyrst og fremst haldið fram, að með því að láta framkvæma utanhúðun þá, er stefnandi fékk síðar einka-leyfi á, fyrir opnum tjöldum á Þjóðleikhúsinu árið 1933, hafi uppgötvunin verið höfð opinberlega um hönd hér á landi og þann-ig svo kunn orðin, er einkaleyfisbeiðnin var borin upp, að kunn-áttumenn hafi getað fært sér hana í nyt.

Stefnandi mótmælir því hins vegar, að þessar tilraunir hans með einkaleyfisaðferðina á Þjóðleikhúsinu geti firrt hann nokkr-um rétti í þessu sambandi.

Af álitserðum dómkvaddra undir- og yfirskoðunarmanna þykir sýnt, að utanhúðun sú, sem framkvæmd var á Þjóðleikhúsinu árið 1933, fullnægi skilyrðum einkaleyfis stefnanda um gerð utanhúðar og þá sérstaklega um stærð steinkorna í hlutfalli við þykkt múr-húðar. Sama virðist og gilda um vinnuáðferðina. Þessi utanhúðun á Þjóðleikhúsinu var að visu framkvæmd án þess að nokkur leynd væri höfð þar á, en þegar þess er gætt, að stefnandi var hér að vinna að tilraunum með aðferð, sem samkvæmt eðli sinu þurfti að reyna úti og þá m. a., hvernig hún þyldi veðurfar, þá þykir ekki verða fallizt á, að þessi framkvæmd geti talizt slík sýning fyrir almenning, sem gert er ráð fyrir í hinu tilvitnaða ákvæði einkaleyfislaganna. Verður því ekki talið, að óheimilt hafi verið að veita hið umrædda einkaleyfi af þessum sökum, auk þess sem sama gildir að þessu leyti og síðar verður rakið, að ekki þykir verða staðhæft, að kunnáttumenn hefðu getað framkvæmt utan-

húðun í samræmi við einkaleyfi stefnanda með því að sjá um-rædda vinnu við Þjóðleikhúsið eða utanhúð þess, að lokinni vinnu.

Þá hefur stefndur talið, að fimm hús önnur hér í bæ hafi verið húðuð utan á árunum 1933 og 1934, án þess að stefnandi ætti þar hlut að máli, en með þeim hætti, að óheimilt hafi verið af þeim sökum að veita stefnanda umrætt einkaleyfi samkvæmt hinu til-vitnaða ákvæði einkaleyfislaganna.

Af gögnum þeim, er fyrir liggja í málinu, verður ekki annað séð en að *vinnuaðferð* sú, sem notuð var við utanhúðun þessara húsa, hafi verið svo til hin sama og um getur í einkaleyfi stefn-anda. Um *gerð* utanhúðarinnar hefur verið leitað álits dómkvaddra undir- og yfirskoðunarmanna. Þykir verða að byggja á athugun-um yfirskoðunarmannanna að þessu leyti, en þeir hafa staðfest skoðunargerð sína fyrir dómi. Af skoðunargerð þessari verður ekki annað séð en að einungis eitt hús (fyrir utan Þjóðleikhúsið) fullnægi skilyrðum einkaleyfisins um gerð húðarinnar (steinastærð í hlutfalli við þykkt múrhúðar). Nokkur vafi er um annað hús í þessu sambandi, en hin þrjú virðast ekki fullnægja þessum skilyrð-um. Þegar af þessari ástæðu og gegn mótmælum stefnanda verður að telja varhugavert að fullyrða, að utanhúðun í samræmi við einkaleyfi stefnanda hafi fyrir 16. nóv. 1934 verið höfð „opinber-lega um hönd hér á landi“ . . . „eða á annan hátt“ höfð „til sýnis almenningi“, í skilningi einkaleyfislaganna.

Hér við bætist, að leitað hefur verið álits hinna dómkvöddu skoðunarmanna um það, *hvort kunnáttumenn hefðu getað fram-kvæmt múrhúðun eins og þá, er stefnandi hefur fengið einkaleyfi á, a) með því að sjá múrhúðunavinnu á Þjóðleikhúsinu og öðr-um þeim húsum, er að framan voru nefnd, b) með því að sjá múr-húð þessara húsa að lokinni framkvæmd*. Þykir einnig verða að byggja á því áliti yfirskoðunarmannanna í þessum efnun, sem þeir hafa staðfest fyrir dómi.

Einn yfirskoðunarmanna hefur svarað a-lið spurningarinnar játandi, bæði að því er snertir vinnuaðferð og gerð utanhúðar-innar, og sama svar hefur hann gefið við b-lið spurningarinnar, en hefur þó talið, eins og hinir yfirskoðunarmennirnir, að til-raunir og æfingar þyrftu að koma til, þegar svo væri ástatt. Hinir tveir yfirskoðunarmennirnir hafa hins vegar lýst því yfir, að hið játandi svar þeirra við spurningunni (með áðurgreindum fyrir-vara, að því er snertir b-lið), eigi aðeins við vinnuaðferðina, en ekki fyrrnefnda gerð húðarinnar. Það verða því ekki heldur talin leidd að því nægilega sterk rök í máli þessu, að uppgötvun stefn-anda hafi með framangreindum hætti verið svo kunn orðin fyrir 16. nóv. 1934, „að þeir menn, sem vit hafa á“, hafi getað „fært sér“ hana „í nyt“.

Samkvæmt framansögðu þykir stefndur því ekki hafa fært fyrir

Því nægar sönnur, að óheimilt hafi verið að veita stefnanda umrætt einkaleyfi vegna ákvæða 4. töluliðs 2. málsg. 1. gr. einkaleyfislaganna, og verður sú sýknuástæða hans því ekki heldur tekin til greina.

Aðrar varnarástæður hefur stefndur ekki haft uppi í málinu, og getur sýknukrafa hans því ekki orðið tekin til greina.

Því hefur verið hreyft af hálfu stæfnds, að endurgjaldið til stefnanda fyrir notkun hinnar einkaleyfðu uppgötvunar hafi ekki verið ákveðið í samræmi við ákvæði 9. sbr. 8. gr. einkaleyfislaganna. Ekki verður séð, að þau ákvæði eigi hér við, og þar sem fjárhæð dómkröfunnar hefur ekki verið mótmælt út af fyrir sig, verða úrslit málsins þau, að stefndur verður dæmdur til að greiða stefnanda hina umstefndu fjárhæð ásamt vöxtum, eins og krafizt hefur verið. Eftir öllum atvikum þykir þó rétt, að málskostnaður falli niður.

Nokkur dráttur hefur orðið á því, að mál þetta yrði tekið til munnlegs málflutnings og dómsálagningar eftir uppkvaðningu áðurnefnds hæstaréttardóms. Dráttur þessi stafar að mestu leyti af því, að aflað hefur verið margra nýrra gagna í málinu, en að öðru leyti af miklum önnum við borgardómaraembættið.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Magnús Guðmundsson, greiði stefnandanum, Guðjóni Samúelssyni, kr. 400.00, með 6% ársvöxtum frá 17. sept 1942 til greiðsludags.

Málskostnaður falli niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 15. júní 1945.

Kærumálið nr. 6/1945. Vigfús Pálmason

gegn

Ragnari Guðmundssyni og Ólöfu Sveinsdóttur.

Aðiljaskýrslu krafizt.

Dómur hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða úrskurð hefur upp kveðið Unnsteinn Beck, fulltrúi borgardómara í Reykjavík.

Með kæru 17. maí 1945, er hingað barst 2. júní s. á., hefur sóknaraðili skotið til hæstaréttar úrskurði fógetaréttar